



Fjárhagsáætlun Flóahrepps 2023-2026

Greinargerð

Á hverju ári samþykkir sveitarstjórn fjárhagsáætlun fyrir komandi ár og áætlun fyrir næstu þrjú ár þar á eftir. Í áætluninni er farið yfir helstu verkefni sveitarfélagsins og gert grein fyrir forsendum. Í fjárhagsáætlun má finna framkvæmdaáætlun og kostnaðaráætlun fyrir rekstur, eignir og skuldir bæði í heild og eftir deildum og málaflokkum.

Flóahreppur er sveitarfélag í stöðugum vexti. Síðustu ár hefur eftirspurn eftir lóðum og húsnæði verið þó nokkur. Sú staða er enn uppi í dag og mikið sótt í lóðir til nýbygginga, bæði vegna íbúðabyggðar á rúnum lóðum og búgarðabyggðar á stærri lóðum og á landareignum. Á sama tíma og eftirspurn og áhugi eykst á þess konar íbúðarhúsnæði þá hefur landbúnaður og fjölbreytt atvinnulíf blómstrað innan sveitarfélagsins. Hönnun og skipulag í kringum nýja Ölfusárbrú er langt á veg komin og er stefnt að opnun nýrrar brúar árið 2026. Nýtt brúarstæði gjörbreyttir stöðu Flóahrepps og nágrannasveitarfélaga og líklegt að hún verði til þess að enn eftirsóknarverðara verði að byggja upp verslun, þjónustu og íbúðarhúsnæði á svæðinu.

Fjárhagsleg staða Flóahrepps er nokkuð góð en hún er viðkvæm. Skuldahlutfall sveitarfélagsins er lágt en tekjustofnar eru takmarkaðir. Rekstrarumhverfi sveitarfélaga er almennt krefjandi og að hluta til vegna fjárfreks málaflokka sem ekki hefur fylgt nægt fjármagn frá ríkinu. Nokkur óvissa ríkir fyrir næsta ár vegna væntanlegra kjarasamninga, verðbólgu og efnahagsþróunar og leiðir það til hækunar á rekstrarútgjöldum. Það er ljóst að kostnaður við málaflokka fer hækandi og mjög brýnt að að stöðugt sé sýnt aðhald í rekstri og að rekstrarútgjöld séu í samræmi við tekjur sveitarfélagsins.

Stærsti tekjustofn sveitarfélagsins eru samanlagt útsvar og fasteignaskattar og svo framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Þjónustugjöld svo sem vegna sorphirðu og seyrulosunar eru ákveðin ár hvert og markmiðið að þau standi undir rekstrinum að sem mestum hluta. Sveitarfélagið innheimtir fæðisgjöld vegna leik- og grunnskóla sem ætlað er að standa undir hráefniskostnaði og svo vistunargjöld í leikskóla og skólavistun við grunnskóla en það er þjónusta sem sveitarfélagið greiðir að stærstum hluta með. Vatnsgjald er innheimt af tengdum fasteignum, lóðum og beitarhólfum og stendur að hluta undir rekstri vatnsveitu sveitarfélagsins.

Útsvarsprósenta fyrir árið 2023 verður óbreytt eða 14,52%. Álagning fasteignagjalda í A flokki lækkar úr 0,50% í 0,47%. C flokkur var lækkaður í heimsfaraldri vegna covid úr 1,62% niður í 1,50% en hann hækkar nú í 1,60%. B flokkur verður óbreyttur eða 1,32%. Vatnsgjald hækkar um 5% og árlegt gjald fyrir seyrulosun hækkar um rúm 26% til að standa undir kostnaði við rekstur þjónustu að hluta og í samræmi við önnur sveitarfélög innan Seyruverkefnis. Gjöld fyrir sorphirðu og afsetningu úrgangs hækka vegna lagabreytinga um meðhöndlun úrgangs. Greitt verður útfra rúmmáli sorpíláta ásamt sorpeyðingargjaldi sem veitir aðgang að sorperfi og afsetningu úrgangs. Með góðum árangri í flokkun á úrgangi geta íbúar í sameiningu náð kostnaði við sorphirðu niður.

Gjalddagareglur fasteignagjalda, vatnsgjalds, sorphirðu, seyrulosunar og lóðarleigu breytast á þann hátt að gjalddögum fyrir greiðslur 60.001 kr og hærri fjölgar úr 9 í 10. Gert er ráð fyrir 9,3% hækjun á fæðisgjaldi í leik- og grunnskóla á árinu ásamt 9,3% hækjun á vistunargjöldum í skólavistun.



Framundan eru fjárfestingar í innviðum svo sem vatnsveitu, grunnskóla og leikskóla þegar horft er lengra til framtíðar. Mikilvægt er að innviðir sveitarfélagsins haldist í hendur við íbúaþróun. Á árinu 2023 er gert ráð fyrir tölverðri fjárfestingu í Vatnsveitu Flóahrepps vegna lagningar nýrrar lagnar frá Neistastöðum að stofnlögn við Skeiðaveg. Á þessu svæði hefur frístundahúsum fjölgæð síðustu árin og fjölmargar lóðir í íbúðabyggð í skipulagsferli. Brýnt er að fara í þessa framkvæmd sem fyrst og verður útboð undirbúið á nýju ári og stefnt að því að hefja framkvæmdir með vorinu. Gert er ráð fyrir að stofngjöld vegna tenginga við vatnsveitu komi að hluta til móts við fjárfestingu á vatnsveitu.

Við uppbygginu eins og blasir við er ljóst að íbúafjölgun getur orðið nokkuð hröð á fáum árum og því mikilvægt að klára hönnun við stækkan Flóaskóla og undirbúa þá framkvæmd. Gert er ráð fyrir fjárfestingu vegna Flóaskóla á árinu sem mun að hluta fara í hönnun á viðbyggingu við skólann. Árið 2024 er svo gert ráð fyrir frekari fjárfestingu vegna grunnskólans.

Gert er ráð fyrir því að setja um 24 milljónir í viðhald fasteigna og á lóðum sveitarfélagsins á árinu.

Með breytingu sem gerð var á reglugerð nr. 1212/2015 um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga á árinu 2021, þurfa sveitarfélög nú að færa í samantekin reikningsskil sín, sem og fjárhagsáætlanir, hlutdeild sína í byggðasamlögum, sameignarfélögum, sameignarfyrirtækjum og öðrum félögum með ótakmarkaðri ábyrgð.

Sveitarfélagið er aðili að eftirtöldum samrekstrarfélögum:

- Bergrisinn bs.
- Brunavarnir Árnessýslu
- Héraðsnefnd Árnesinga bs.
- Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita bs.
- Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings bs.
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- Samtök sunnlenskra sveitarfélaga
- Sorpstöð Suðurlands bs.

Áætlanir framangreindra rekstrareininga fyrir árin 2023 til 2026 um rekstur, efnahag og sjóðsstreymi liggja ekki fyrir, að undanskildum rekstrarreikningi fyrir árið 2023, og því hafa áhrif þeirra ekki verið verið færð í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins. Þegar samþykktar fjárhagsáætlanir framangreindra rekstrareininga, með rekstrarreikningi, efnahag og sjóðsstreymi til næstu fjögurra ára, liggja fyrir á viðeigandi formi er fyrirhugað að gerður verði viðauki við fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árin 2023 til 2026.



FLÓAHREPPUR

480 4370 | floahreppur@floahreppur.is | www.floahreppur.is | Þingborg | 803 Selfoss

Helstu niðurstöður fjárhagsáætlunar 2023:

- Tekjur samstæðu A og B hluta 1.002 milljónir króna
- Rekstrargjöld A og B hluta 944 milljónir króna
- Afskriftir A og B hluta 31,9 milljónir króna
- Fjármagnsgjöld A og B hluta 8 milljónir
- Rekstrarniðurstaða A og B hluta jákvæð um 17,6 milljónir króna
- Áætlað handbært fé frá rekstri A og B hluta um 57 milljónir króna
- Afborgarnir langtíma lána áætlaðar 7,6 milljónir króna
- Áætlaðar fjárfestingar nema 125 milljónum króna
- Áætluð viðhaldspörf innan fasteigna sveitarfélagsins nema um 24 milljónum króna
- Útsvarsprósenta óbreytt eða 14,52%
- Álagning fasteignagjalfa á íbúðarhúsnæði lækkar úr 0,50% í 0,47%
- Álagning fasteignagjalfa á atvinnuhúsnæði lækkar úr 1,50% í 1,60%
- 9,3% lækkun á fæðisgjöld nemenda í leik- og grunnskóla
- 9,3% lækkun á vistunargjöld í skólavistun
- 5% lækkun á vatnsgjaldi
- 26% lækkun á seyrulosunargjaldi
- Hækkun verður á sorphirðu og afsetningu úrgangs

Að vinnu við fjárhagsáætlun komu stjórnendur deilda, bókari og launafulltrúi ásamt sveitarstjórn og sveitarstjóra og er þeim hér með þakkað fyrir sína vinnu við gerð áætlunarinnar.

Þingborg 15. desember 2022


Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri
FLÓAHREPPUR